GAJA molta



Molta úr matarleifunum þínum!

GAJA molta er ætluð til notkunar utan húss, hún hentar vel til notkunar á akra, lóðir, græn svæði í þéttbýli, beð og matjurtagarða. Moltan er sterk og bein snerting óblandaðrar moltu við rætur plantna er ekki æskileg.

GAJA molta er framleidd í samræmi við starfsleyfi Matvælastofnunar og skráð sem lífrænn áburður.

Nánari upplýsingar og ítarlega innihaldslýsingu má finna á gaja.is

Næringarefni	
Köfnunarefni (N)	18,3 g/kg votvigt
Ammóníum köfnunarefni	1,7 g/kg votvigt
Fosfór (P)	4,4 g/kg votvigt
Kalíum (K)	5,1 g/kg votvigt
Kalsíum (Ca)	25,1 g/kg votvigt
Natríum (Na)	4,5 g/kg votvigt
Magnesíum (Mg)	1,7 g/kg votvigt
Brennisteinn (S)	1,6 g/kg votvigt

Fyrir hverja vinnslulotu sem afgreidd er frá GAJU liggur fyrir staðfesting óháðrar rannsóknarstofu um að moltan uppfylli reglur um aðskotaefni, mögulegar sjúkdómsvaldandi bakteríur og þungmálma.



Hringrásin byrjar í eldhúsinu

Matarleifar eru auðlind sem við getum nýtt svo miklu betur. GAJA virkar þó ekki nema við flokkum matarleifarnar vel og vandlega. Árið 2023 flokkuðu íbúar á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni um **10.500 tonn** af matarleifum. Eins mælist hreinleiki í matarleifum fyrir árið 2023 **98%**, sem er til marks um að íbúar standi vel að flokkun matarleifa. **Það er ekkert smá vel gert!**